

MJÓLKUR PÓSTURINN

Fréttabréf Mjólkursamsölnnar sem er í eigu íslenskra kúabænda. 1. tb. 2024
Útgefandi Auðhumla og MS - Ábyrgðarmaður: Pálmi Vilhjálmsson
Ritstjóri: Steinunn Þórhallsdóttir steinunnt@ms.is - Prentun: Litlaprent



Mjólkurbílar MS á á Selfossi komnir í mjólkurmóttökuna á Selfossi til losunar og þrifa. Hér má sjá glaðbeitta bílstjóra. Frá vinstri: Hreggviður Heiðarsson, Ívar Bergsson, Daniel Finnsson, Sigurður Hilmarsson og Kristinn Scheving. Mynd: áþ.

Hrós til mjólkurbílstjóra

Á aðalfundi Auðhumlu svf. í apríl síðastliðinn vildu fulltrúar á fundinum koma á framfæri sérstöku þakklæti til mjólkurbílstjóra MS fyrir góð og fagmannlega unnin störf, oft við krefjandi vetraraðstæður.

Málshefjandi var Guðný Helga Björnsdóttir, mjólkurframleiðandi á Bessastöðum í V.- Húnavatnssýslu. Hún lýsti ánægju sinni og þakklæti með

störf bílstjórans á sínu svæði sem hún sagði leggja sig allan fram um að þjónusta bændur á svæðinu vel þrátt fyrir ófærð og hálfu sem í vetur hefði verið nóg af.

Margir aðrir fulltrúar tóku undir þessi orð hennar sem og stjórnendur félagsins.

TAKK mjólkurbílstjórar! /JHS

Mjólkurframleiðsla kúabænda hefur aldrei verið meiri en nú og gaman að sjá í hvaða vöruflokka öll mjólkín er að fara. Mjólkurframleiðsla árið 1993 var um 100 milljónir lítrar en var komin vel yfir 152 milljónir lítra 2023.

Á sama tíma hefur íbúaföldi farið úr 262 þúsund í 388 þúsund.

Sjá nánar á bls. 6



Ágæt sala fyrstu fimm mánuði ársins

Salan fyrstu fimm mánuðina er góð; í ostum og smjöri er **2,5% söluaukning** í magni miðað við fyrra ár og salan samkvæmt áætlun.

- Stöðug söluaukning í gamla góða smjörinu heldur áfram enda allt betra með smá smjöri.

- Af ostunum er það Kotasælan sem leiðir aukninguna, Sveitabiti selst vel og ánægjulegt að sjá söluaukningu í mörgum mygluostategundum eins og Camembert og Dala-Brie en mikið er flutt inn af erlendum veisluostum.

Í ferskvörinni er **1,4% söluaukning** í magni miðað við fyrra ár sem er örlítið

undir áætlun.

- Nýmjólkinn er í góðri aukningu en fituminni drykkjarmjólk gefur eftir.

- Áfram er mikil aukning í próteindrykknum Hleðslu, Kókómjólkinni og skyrdrykkjum.

- Það er gríðarlega góð sala í skyri, sérstaklega skvísu og Ísey púffi. Einnig selst grísk jógúrt mjög vel og vel heppnuð umbúðaskipti í Engjapykkni hleyptu miklu lífi í söluna þar.

- Mysan og Ísblandan eru í samdrætti en vonandi verður góð íssala í sumar og ef hvalveiðar fara aftur af stað þá eykst mysusala til útgerðarinnar. /AHM

Uppsöfnuð sala í tonnum

	Jan-maí 2023	Jan-maí 2024	Mism	%
Smjör/Smjörvi	937	979	43	4,6%
Ostar	2.632	2.690	58	2,2%
Duft	573	576	3	0,6%
Samtals birgðavara	4.141	4.246	105	2,5%
Hvít mjólk	9.346	9.388	42	0,5%
Bragðb mjólk	2.154	2.237	83	3,9%
Skyr/Jógúrt	3.276	3.400	125	3,8%
Rjómvörur	1.162	1.150	-12	-1,0%
Annað (mysa ofl)	67	50	-17	-25,8%
Samtals ferskvara	16.005	16.226	222	1,4%



Orkuskipti í þungaflutningum

Mjólkursamsalan er eitt fimm íslenskra fyrirtækja sem hafa skrifað undir viljayfirlýsingu um kaup á vetnisknúnum vöruflutningabílum. Um er að ræða MAN tGX dráttarbíla af stærstu gerð, 44/49 tonn og verða bílarnir knúnir vetni sem framleitt er af Orku náttúrunnar á Hellisheiði og dreift af Blæ, Íslenska vetnisfélaginu, en drægni nýju bílanna er allt að 600 km. Hér er um að ræða eitt stærsta orkuskiptaverkefni í þungaflutningum á landi þar sem sameinast framleiðandi og innflytjandi bílanna, viðskiptavinir og fyrirtækin sem framleiða og dreifa orkugjafanum.

MS leggur höfuðáherslu á verndun náttúru og sjálfbærni í sínum rekstri og vill vera í fararbroddi í orkuskiptum frá jarðefnaeldsneyti yfir í endurnýjanlega orkugjafa. MS fagnar því að eiga nú þess kost að knýja flutningabíla sína með vetni sem framleitt er úr endurnýjanlegri íslenski orku sem veldur ekki mengun við notkun.

Metanbílar

Mjólkursamsalan fjárfesti í sinni fyrstu metan flutningabifreið árið 2021 af gerðinni Scania P340 og reynslan af þeim bíl hefur verið vonum framar. Bifreiðin er að koma mjög vel út hjá okkur og reynist einstaklega ljúfur bíll að vinna á.

Framleiðsla á metani hefur gengið vel upp. Þess má geta að Mjólkursamsalan er að taka í notkun aðra bifreið sem knúin er af metani og er von til að sú bifreið komist í notkun innan tíðar. / HIS

Aðalfundur Auðhumlu svf.


Aðalfundur Auðhumlu svf. 2024 fór fram í húsnæði MS að Bitruhálsi 1 þann 24. apríl sl.

Á aðalfundinum var ársreikningur Auðhumlusamstæðunnar 2023 samþykktur. Rekstrartekjur samstæðunnar námu tæpum 45,9 ma. króna sem er aukning um tæplega 7,1 ma. króna milli ára eða um 18,2%. Þessi hækking er tilkomin vegna verðhækkana og söluaukningar, bæði á innanlandsmarkaði og erlendis. Að sama skapi hækkuðu rekstrargjöld samstæðunnar umtalsvert milli ára sem leiddi þó til niðurstöðu upp á 740,4 millj. kr. hagnað á árinu 2023 sem er hækking um tæplega 280 millj. króna á milli ára. Þó tölurnar séu háar er hagnaðurinn þó aðeins um 1,6% af veltu félagsins og ljóst að tiltölulega lítið má út af bera til að hagnaður breytist í tap. Fjármagnsgjöld samstæðunnar hækkuðu verulega milli ára eða um tæplega 430 millj. króna. Nánast er um að ræða tvöföldun á vaxtagjöldum milli ára og ekki er ofsögum sagt að enginn rekstur getur lifað í vaxtastigi sem þessu til lengdar.

Hjá Auðhumlusamstæðunni var fjöldi ársverka 463 í árslok 2023 og fjölgandi þeim á árinu um 32, einkum vegna aukinna umsvifa á Selfossi. Laun og launatengd gjöld samstæðunnar námu um 6,2 ma. króna á árinu 2023 samanborið við 5,4 ma. króna á árinu 2022. Hækkunin kemur til bæði vegna kjarasamningshækkana og fjölgunar starfa á árinu. Eiginfjárlutfall samstæðunnar nam 51,9% í árslok 2023 á móti 53,1% í árslok 2022.

Að öðru leyti skal vísað til ársskýrslu Auðhumlu svf. 2023 sem send hefur verið öllum mjólkurinnleggjendum félagsins. Hana má jafnframt nálgast á slóðinni; www.audhumla.is

Á aðalfundi Ísey - útflutnings ehf. 2024 samþykkti stjórn félagsins að greiða eigendum þess alls 200 millj. kr. arðgreiðslu. Félagið er í 80% eigu Auðhumlu svf. og 20% eigu Kaupfélags Skagfirðinga svf. og féllu því 160 millj. króna í hlut Auðhumlu svf. Aðalfundur Auðhumlu svf. samþykkti til-



Svipmynd úr fjósinu á Stóru-Reykjum í Flóa. Ljós. ap

lögu stjórnar um að arðgreiðslan yrði greidd mjólkurinnleggjendum félagsins í samræmi við innlagða mjólk hvers og eins árið 2023. Arðgreiðslan var greidd mjólkurinnleggjendum samhliða aprílþinggjöri þann 10. maí sl. og nam greiðslan u.þ.b. 1,20 kr./innlagðan líter. (160.000.000 kr. / 133.973.654 lítrar). Er þetta í fyrsta sinn sem mjólkurframleiðendur njóta ávinnings af erlendri starfsemi samstæðunnar.

Á aðalfundi er stjórn félagsins kosin til eins árs í senn.

Fyrri stjórnarmenn voru allir endurkjörnir. Á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfundinn skipti stjórnin með sér verkum og er hlutverkaskipan óbreytt:

Ágúst Guðjónsson, Læk í Flóa, formaður,
 Þórunn Andrésdóttir, Bryðjubolti í Hrunamannarheppi, varaformaður
 Óttar Bragi Þráinsson, Miklabolti í Biskupstungum, ritari
 Elín Margrét Stefánsdóttir, Fellsblíð í

Eyjafirði, meðstjórnandi
 Ásvaldur Þormóðsson, Stóru-Tjörnum í Ljósavatnsskarði, meðstjórnandi
 Björgvin R. Gunnarsson, Núpi í Berufirði, meðstjórnandi
 Magðalena Jónsdóttir, Drangsbliðardal, A.- Eyjafjöllum, meðstjórnandi

Annar tveggja skoðunarmanna félagsins var kosinn til tveggja ára Baldur Helgi Benjamínsson, Ytri-Tjörnum í Eyjafjarðarsveit og til vara Valgerður Kristjánsdóttir, Mýrum III í V.- Húnavatnssýslu. Fyrir var skoðunarmaður Haraldur Einarsson, Urriðafossi í Flóa og til vara Geir Árdal, Dæli í Fnjóskadal.

Deloitte ehf. var kosið endurskoðunarfyrirtæki Auðhumlu svf. og fyrir hönd þess; Benóní Torfi Eggertsson og Guðmundur Örn Árnason.

Jóhannes Hr. Símonarson framkvæmdastjóri Auðhumlu svf.

Er komin upp ný staða í hagsmunagæslu landbúnaðarins?

Óhætt mun að segja að stofnun Samtaka fyrirtækja í landbúnaði (SAFL) hafi eftt rödd landbúnaðarins í samfélaginu. Öll okkar sem störfum í þessari atvinnugrein og þjónustu og úrvinnslu henni tengd eigum allt undir að koma traustum upplýsingum til skila. Dæmi um vegferð af þessum toga birtist í tengslum við setningu laga sem heimila undanþágur frá samkeppnislögum fyrir afurðastöðvar í kjötframleiðslu, í apríl sl.

Vegna viðbragða ýmissa aðila við samþykkt fyrrnefndra laga ákváðu SAFL (sem MS á aðild að) að leita til Dr. iur. Dr. rer. pol. h.c. Carl Baudenbacher, fyrrum forseta EFTA-dómstólsins (2003-2017) til að semja álit þar sem greint er frá meginreglum EES-samningsins um búvöruframleiðslu og -vinnslu og að hvaða marki EES-samningurinn tekur til þessarar starfsemi.

Álit fyrrum forseta EFTA dómstólsins

Dr. Baudenbacher segir í niðurlagskafla álits síns að það sé munur á innri markaði ESB og útvíkkun hans yfir í EES-samninginn. „Sameiginlegar stefnur ESB eru í reynd undanskildar EES frá samningnum. EES/EFTA löndin hafa haldið fullveldi sínu á þessu sviði. Ein þessara undantekninga varðar sameiginlegu landbúnaðarstefnuna.“

Undantekningu varðandi framleiðslu og vinnslu á kjötafurðum og öðrum landbúnaðarvörum (þ.m.t. mjólkurvörum) frá EES-samningnum er að finna í III. hluta hans um frjálsa vöruflutninga milli landa. Undantekningin takmarkast þó ekki við frjálsa vöruflutninga heldur innihaldi 3. mgr. 8. gr. samningsins einnig almenna undantekningu frá gildissviði EES-réttar varðandi framleiðslu og vinnslu landbúnaðarafurða þar með talið reglum EES-samningsins um samkeppnismál og ríkisaðstoð.

Lokaorð álits Dr. Baudenbacher eru síðan eftirfarandi í lauslegri þýðingu:

„Ísland hefur því rétt til að marka

stefnu sína í framleiðslu og vinnslu landbúnaðarvora óháð ákvæðum EES-samningsins, þar með talið að því er varðar undanþágur frá samkeppnisreglum. Þetta hefur í för með sér að Ísland er ekki bundið af undanþágum frá samkeppnisreglum sem nú gilda í Evrópusambandinu við mótun eigin undantekninga frá samkeppnisreglum um landbúnaðarvörur sem falla utan 3. mgr. 8. gr. EES.“



Í Morgunblaðinu þann 6. júní 2024 var enn fremur haft eftir Baudenbacher að það sé alveg ljóst að ríkin sem gerðu EES-samninginn á sínum tíma vildu ekki að hann tæki til vissra hluta hagerfa sinna, „... þá helst sjávarútvegs og landbúnaðar, þegar þau gerðust aðilar að samningnum.“

Breytt staða með álit Dr. Baudenbacher

Ekki er ofsagt að oft hafi verið á brattann að sækja við að koma þessum sjónarmiðum á framfæri hingað til. Atvinnuveganefnd var sem dæmi snupruð opinberlega af embættismönnum mat-

vælaráðuneytis fyrir framgöngu sína við meðferð frumvarps til laga um fyrrnefndar undanþágur. Þá hefur Samkeppniseftirlitið (og fleiri) farið mikinn um málið í fjölmiðlum án þess þó að vísa til tiltekinna réttarheimilda til að styðja sitt mál. Að þessu álit fengnu hljóta nú að verða vatnaskil í umræðunni. Alþingi hefur samkvæmt því fullt svigrúm til að móta eigin löggjöf um landbúnað

og landbúnaðarvörur þ.m.t. varðandi undantekningar frá samkeppnisreglum. Mál er að forstjóri Samkeppniseftirlitsins láti af sinni pólitísku vegferð á þessu sviði.

Fjögur ár frá því vinna að tollamálu hófst

Snemma árs 2020 tóku stjórnendur MS þá ákvörðun að kryfja til mergjar tollflokkan og tollaframkvæmd varðandi margar mjólkurvörur. Síðan þá hafa fleiri en ein skýrsla litið dagsins ljós á vegum stjórnvalda um málið nú síðast skýrsla starfshóps fjármálaráðuneytisins frá því í október í fyrra. Þar var stað-

fest að mikill munur er á innflutningi á mjólkur og undanrennudufti til landsins borið saman við útflutning frá ESB hingað til lands. Ítrekað hefur verið bent á þetta í greinum og á fundum með fulltrúum fjármálaráðuneytis og matvælaráðuneytis sem og áréttað með bréfum til viðeigandi stjórnvalda. Þessi munur þegar mest var, nam yfir 300 tonnum á ári eða sem svarar til próteins úr um þremur milljónum lítra af mjólk. Mikilvægt er að komist verði til botns í þessu.

Enn er deilt um tollflokkan á pizzaosti

Þann 1. maí sl. greindi Viðskiptablaðið frá því að Danól hafi nú höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á bindandi álit Skattsins um tollflokkan Festino IQF Mozzarella Pizza Mix frá 8. maí 2023. Niðurstaða Skattsins var að vöruna skyldi tollflokka sem rifinn ost á tollskrárnúmerið 0406.2000 (hvers konar rifinn eða mulinn ostur) með tilvísun í niðurstöðu Landsréttar í máli 462/2021 frá 11. febrúar 2022. Í þeim dómi var staðfest sú niðurstaða Skattsins að þessi sama vara skyldi flokkast í þetta sama tollskrárnúmer, 0406.2000. Það kemur spánskt fyrir sjónir að enn sé reynt að fara (og nú hálfgerða Fjallabaksleið) í leiðangur fyrir dómstólum til að hnekkja þessari niðurstöðu Landsréttar frá 2022. Íslensk stjórnvöld hafa þegar sent Alþjóðatolla-stofnunni (WCO) bréf þess efnis að þessi afurð verði framvegis tollflokkuð sem ostur og hefur staðfesting þess efnis þegar verið birt á heimasíðu stofnunarinnar. Þessu til viðbótar er vert að benda á að ein meginregla íslensks réttar, sem oft er nefnd res judicata og má rekja allt til Rómaveldis, er að endanlegur dómur í máli sé bindandi fyrir aðila dómsmálsins – m.ö.o. mál sem hefur þegar verið dæmt af dómstólum verður ekki lagt aftur fyrir dómstóla. Það verður því áhugavert að sjá hvort fyrrnefnd stefna Danóls þykir yfirleitt tæk fyrir dómstólum þar sem þegar hefur verið dæmt efnislega í málinu af hálfu dómstóla.

Sumarið er loksins komið

Þegar þessar línur eru skrifaðar hefur

langvinnt norðan áhlaup loks látið undan síga og íslenska sumarið er komið. Í þessu áhlaupi kom lengsti frostakafli í 75 ára samfelldri sögu skráðra veðurathugana á Grímsstöðum á Fjöllum, 100 klst. alls. Fyrra metið var 75 klst. frá árinu 1975. Á vefnum www.blika.is segir enn fremur að ýmislegt bendi til þess að veður hafi verið viðlíka vont í júní 1930.

Þannig vill þetta einatt vera að það skiptast á skín og skúrir í veðrinu enda máltækið þaðan komið. Vonandi tekur nú við betri tíð með blóm í haga. Sumarið leggur jú grunninn að afkomu næsta árs þar sem ráðast gæði hefyngs og uppskera á korni og einærum fódurjurtum þar sem þegar er búið að kosta miklu til. Íslenskir bændur hvar í hópi sem þeir eru, eiga þar mikið undir.

Með bestu kveðjum og óskum um gjöfult sumar


Pálmi Vilhjálmsson,
forstjóri MS
Erna Bjarnadóttir,
verkefnastjóri hjá MS

ÁFASTIR TAPPAR Á FERNUM FRÁ MS

Frá og með 3. júlí 2024 verður lögfest á Íslandi skilyrði um áfasta tappa og lok á einnota drykkjarilátum og -umbúðum úr plasti sem sett eru á markað hér á landi. Mjólkursamsalan framleiðir fjölbreytt úrval vara sem þessi tilskipun hefur áhrif á og munu áfastir tappar taka við þeim gömlu á næstu vikum og mánuðum. Nýju tapparnir eru þægilegir í notkun en aðeins þarf að hlusta eftir litlum smelli áður en hellt eða drukkið er úr fernunni og eiga tapparnir þannig að fylgja umbúðunum alla leið í endurvinnsluflokkun. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðunni ms.is/tappar/GBJ



Vísitala áburðarverðs



Þróun áburðarverðs á heimsmarkaði


Á vefsíðunni www.ycharts.com má meðal annars fylgjast með þróun áburðarverðs á heimsmarkaði. Hægt er að skoða verðvísitölu áburðar þar aftur til ársins 1960.

Eins og meðfylgjandi graf sýnir tók áburðarverð að hækka á miðju árinu 2020. Orkuverð fór þá hækkaði í heiminum og eins olli Covid faraldurinn brestum í aðfangakeðjum heimsins og þar með hækkaði verð á fjölmörgum vörum. Þann 31. júlí 2020 stóð vísitala áburðarverðs á ych-

arts í 69,84 stigum. Hún hækkaði síðan samfelld til aprílloka 2021 og stóð þá í 293,73 stigum.

Sem betur fer hefur þróunin síðan legið nær samfelld niður á við. Í lok maí á þessu ári stóð vísitalan í 108,45 stigum og hafði þá lækkað um 4,70% frá fyrra mánuði og um 28,87% frá sama tíma í fyrra (2023).

Vísitalan stendur nú engu að síður 41 stigi hærra en í lok maí 2020 eða sem nemur 61%. /EB



Söluþróun mjólkurvara síðustu 30 ár

Það er oft áhugavert að líta til baka og skoða hvernig neysla mjólkurvara hefur breyst.

Mjólkurframleiðsla kúabænda hefur aldrei verið meiri en nú og gaman að sjá í hvaða vöruflokkum öll mjólkir er að fara. Mjólkurframleiðsla árið 1993 var um 100 milljónir lítrar en var komin vel yfir 152 milljónir lítra 2023.

Á sama tíma hefur íbúafjöldi farið úr 262 þúsund í 388 þúsund.

Öll þekkjum við neyslubreytinguna á drykkjarmjólk þar sem neytendur drekka miklu minna af mjólk en áður fyrr en í staðinn borða þeir miklu, miklu meira af ýmsum mjólkurafurðum.

Á meðfylgjandi mynd má sjá söluþróun ýmissa vöruflokkum árin 1993-2023.

Ostasala hefur meira en tvöfaldast, mikil aukning í smjöri og rjóma og gríðarleg aukning í skyrölu. Árið 2004 komu á markað skyrdrykkir, sem fengu strax mikla athygli og ákveðið æði myndaðist í kringum þá, seinna jafnaði það sig en skyrvörur seljast vel sem fyrr og eru núna á boðstólum víða um heim. Öflug vöruþróun er lykkill að góðri sölu og að jafnaði koma á markað um 30 vörunýjungar árlega.

/AHM

Íslendingar elska ferskan Mozzarella

Íslendingar hafa tekið ferskum Mozzarella einstaklega vel síðustu misseri og var ákveðið að fara sérstakt kynningarátak í apríl til að vekja enn meiri athygli á ostinum.

Boðið var upp á fjöldan allan af vörukynningum í verslunum þar sem vöruúrvalið var víða í aukinni framstillingu og óhætt að segja að viðskiptavinir hafi tekið því fagnandi að læra hvernig nota má vöruna sem er mörgum ansi framandi.

Uppskriftasíða Gott í matinn og sam-

félagsmiðlar voru einnig notaðir til að sýna margs konar notkunarmöguleika á ostinum í matargerð.

Margir af vinsælustu áhrifavöldum og matgæðingum landsins sýndu enn fremur fjölbreyttar útfærslur á ostunum en slíkar umfjallanir eiga stóran þátt í að koma vörum á framfæri til neytenda.

Nýja sjónvarpsauglýsingin var í góðri birtingu í línulegri dagskrá og á VOD kerfum sjónvarpsstöðvanna og þá var osturinn einkar áberandi í umhverfis- og vefmiðlum, í útvarpi og prenti. /GBJ



Rösklega 40 mjólkurframleiðendur fengu viðurkenningu

Nú á vormánuðum var mjólkurframleiðendum sem eingöngu lögðu inn úrvalsmjólk í afurðastöð á árinu 2023 veittar viðurkenningar samkvæmt venju. Að þessu sinni fengu alls 43 mjólkurframleiðendur slíkar viðurkenningar en hana fengu þeir sem lögðu inn mjólk í 1. flokki A í öllum mánuðum ársins auk þess sem eftirfarandi skilyrðum var fullnægt:

a) Hámark frumutölu í mánuðinum var 200 þúsund frumur/ml eða lægra - mælt og reiknað sem faldmeðaltal

b) Hámark líftölu í mánuði var 20.000 ein/ml, mælt og reiknað sem beint meðaltal mánaðarins. (Mörkum á hámarki líftölu í mánuði var tímabundið breytt úr 20.000 ein/ml í 30.000 ein/ml á tímabilinu frá 1. mars til 31. júlí 2023 vegna vafa á réttmæti niðurstaðna úr líftölutæki RM á þessu tímabili).

c) Hámark frírra fitusýra var 0,9 mmol/l, reiknað sem faldmeðaltal mánaðar

Viðurkenninguna að þessu sinni hlutu mjólkurframleiðendur sem sjá má á töflunni til hægri (raðað eftir innleggsnúmeri):



Þó eingöngu þeir mjólkurframleiðendur sem lögðu inn úrvalsmjólk alla mánuði ársins hafi fengið viðurkenningar skal þess sérstaklega getið að margir framleiðendur lögðu inn úrvalsmjólk einstaka mánuði ársins, þar af allmargir í 10 – 11 mánuði. Í heildina var innlögð mjólk í afurðastöðvar af úrvalsmjólkurgæðum u.þ.b. 50 milljónir lítra, sem gerir um 1/3 af allri innlagðri mjólk ársins. Það er vel gert!

Afurðastöðvar greiða 2,0% gæðaálag á úrvalsmjólk sem gerir u.þ.b. 2,65 kr/l ofan á núgildandi afurðastöðvarverð (132,68 kr/l m.v. grundvallarmjólk).

/JHS



Ljósmynd. áþ

Úrvalsmjólk 2023

Innl. númer	Heiti	Bær	Deild
252	Gunnlaugur Hrafn Jónsson	Hátúni	Skagafjörður
309	Efemía og Egill	Daufá	Skagafjörður
337	Brúnastaðir ehf.	Brúnastöðum	Skagafjörður
438	Gunnar Sigurðsson	Stóru-Ökrum 1	Skagafjörður
441	Hólmsteinn Orri Þorleifsson	Þorleifsstöðum	Skagafjörður
601	Hofdalabúið ehf.	Syðri-Hofdölum	Skagafjörður
706	Þorvaldur Ingi Guðjónsson	Krossi	Skagafjörður
10237	Steinþór Björnsson	Hvannabrekku	Austurlandsdeild
13509	Flateyjarbúið ehf.	Flatey	A.-Skaftafellsdeild
20125	Margrét Jónsdóttir	Syðri-Velli	Flóa- og Ölfusdeild
20140	Haukur Sigurjónsson	Seljatungu	Flóa- og Ölfusdeild
20304	Gráhöll ehf.	Brúnastöðum	Flóa- og Ölfusdeild
20313	Gísli Hauksson,	Stóru-Reykjum	Flóa- og Ölfusdeild
20511/12	Ólafur Ingi og Anna	Eyði-Sandvík	Flóa- og Ölfusdeild
20700	Jökull Helgason / Ósabakki ehf.	Ósabakka 2	Uppsveitadeild
20948	Kristinn Guðnason og Elín Guðjónsdóttir	Þverlæk	Holta-, Landm-, Ása- og Djúpárdeild
21329/30	Eggert og Páll	Kirkjulæk	Fljótshl., Hvols- og Rangárvalladeild
21335	Teigur 1 sf.	Teigi 1	Fljótshl., Hvols- og Rangárvalladeild
22242	Ásar og Móar ehf.	Ásum	Uppsveitadeild
22811	Félagsbúið Holti 2	Holti 2	V.-Skaftafellsdeild
30187	Mjólk og menn ehf.	Gunnlaugsstöðum	Vesturlandsdeild
30462	Jörfabændur ehf.	Jörfa	Vesturlandsdeild
35180	Kjartan Jósepsson	Nýju Búð	Vesturlandsdeild
36306	Ásthildur og Birgir	Bakka	Vesturlandsdeild
36406	Miðdalsbúið ehf.	Miðdal	Vesturlandsdeild
52575	Steinný ehf.	Steinnýjarstöðum	A.-Húnavatnsdeild
60024	Holtselsbúið	Holtseli	Norðausturdeild
60107	Ytri-Tjarnir ehf.	Ytri Tjörnum	Norðausturdeild
60232	Róbert Fanndal Jósavinson	Litla-Dunhaga	Norðausturdeild
60234	Stóri-Dunhagi ehf.	Stóra-Dunhaga	Norðausturdeild
60440	Gunnsteinn Þorgilsson	Sökku	Norðausturdeild
60493	Guðrún Marinósdóttir	Búrfelli	Norðausturdeild
60572	Þorleifur K Karlsson	Hóli	Norðausturdeild
60615	Karl Björnsson	Veisu	Norðausturdeild
68034	Vogabú ehf.	Vogum 1	Norðausturdeild
68105	Erlingur Teitsson	Brún	Norðausturdeild
68118	Hildigunnur Jónsdóttir	Lyngbrekku	Norðausturdeild
68408	Öxará rekstrarfélag ehf. // Dagný og Þórir	Öxará	Norðausturdeild
68426	Lækjamót 641 ehf.	Lækjamóti	Norðausturdeild
68454	Flosi Gunnarsson	Hrafnstöðum	Norðausturdeild
68540	Félagsbúið Hraunkoti	Hraunkoti 1	Norðausturdeild
68596	Félagsbúið Laxamýri	Laxamýri	Norðausturdeild
68620	Steinþór Heiðarsson	Ytri-Tungu 1	Norðausturdeild
Samtals	43		

Fituinnihald mjólkur

Hátt fituinnihald í mjólk er mikilvægt, bæði fyrir afkomu bænda, en einnig fyrir afurðastöðvarnar. Hægt er að hafa áhrif á fituinnihald mjólkur með kynbótum, en það er hægðirkerð. Til styttri tíma litið er bætt fóðrun einfaldasta og fljótleigasta leiðin til að auka fituinnihald mjólkurinnar.

Bætt fóðrun felst í breytingu á samsetningu fóðurs, vanda vel til verka í heyskap og velja rétt kjarnfóður miðað við heysýnaniðurstöður hverju sinni. Eitt besta verkfæri bóndans eru einmitt heysýnaniðurstöður og ættu allir bændur að láta greina fyrir sig heidið.

Mikil áhersla er oft lögð á meiri afurðir, en það getur verið erfitt að halda uppi góðu efnainnihaldi mjólkur samhliða aukinni nyt.

Byggingarefni fyrir mjólkurfitu eru aðallega edik- og smjörsíra úr vambargerjun, fita úr fóðri og holdniðurbrot. Af þessu þrennu er það edik- og smjörsírmýndun við vambargerjun sem hefur mest að segja. Jafnvægi í vömbinni er afar mikilvægt þegar kemur að mjólkurfituframleiðslu. Vambargerjun fer mikið eftir því hvort nægt tyggiefni sé í gróffóðrinu og af hlutfalli sterkju og tréni. En tréni er það sem heitir NDF á heysýnaniðurstöðublöðunum. Aukið NDF í fóðri eykur fituinnihald mjólkurinnar, en próteinið á það til að lækka. NDF í gróffóðri á helst að vera 480-520 gr/kg þurrefnis (þe.).

Mikilvægustu þættirnir í gerð gróffóðurs, sem hafa jákvæð áhrif á fituinnihald mjólkur eru gott tréniinnihald, góður meltanleiki (sem gefur gott orkuinnihald) og verkun gróffóðursins.

Passlegt og gott tréniinnihald í fóðri fæst með því að bjóða plöntunum gott aðgengi að næringarefnum, þá geta plönturnar vaxið og myndað tréni sem hefur einnig góðan meltanleika. Bændur finna fyrir pressu að slá mjög snemma til að meltanleikinn í fóðrinu falli ekki, þannig að heyin verði orku- og próteinrík. Ef það hinsvegar er gott aðgengi að næringarefnum geta menn slegið aðeins seinna, fengið meiri tréni og meira magn án þess að það hafi neikvæð áhrif á meltanleikann. Aðalatriðið er að fylgjast með og slá við skrið, á sumum plöntum má sjá í punt og öðrum plöntum má finna

vel fyrir puntinum – þá er komið gott tréni, og ef aðgengi að næringarefnum hefur verið gott, vel borið á, þá er meltanleikinn ekki fallinn á því stigi.

Með háum meltanleika í fóðrinu fáum við betra át, hinsvegar hefur gróffóður með háum meltanleika yfirleitt lægri tréniinnihald (NDF). NDF telst lágt ef það er um eða undir 460 gr/kg þe. Ef NDF er lágt og iNDF (ómeltanlegt tréni) einnig er lágt, þá er mjög mikilvægt að stilla kjarnfóðurgjöfina miðað við hve gróffóðrið er “létt”, ef menn vilja ekki missa niður fituinnihald mjólkurinnar. Í slíkum tilvikum er afar mikilvægt að kynnir hafi ótakmarkað aðgengi að gróffóðrinu og að gefið sé oft, þannig að kynnir standi ekki í lengri tíma yfir sömu tuggunni.

Sykurinnihald gróffóðursins hefur mikið að segja fyrir lystugleika heysins og þar með einnig átið. Verkunin skiptir afar miklu máli hvað sykurrinn varðar í heyninu. Sykurinn myndast í plöntunum við ljóstíllífun, eftir sólríka daga eru plönturnar fullar af sykri. Hátt sykurrinnihald eykur smjörsírmýndun í vömb og hefur þannig jákvæð áhrif á fituinnihald mjólkurinnar. Hátt sykurrinnihald fæst með góðum og hröðum þurrki, en það má einnig nota íblönduarefni við heyskapinn og skiptir þá þurrkunin ekki eins miklu máli, þó þurrkun sé af hinu góða. Kynnir komast yfir að éta meira magn af þurru heyi heldur en blautu. Mesta átið næst ef fóðrið er með 35-45% þurrefni. Ef þurrara en 45% þá er farið að hægja á niðurbrotinu í vömbinni og

átið minnkar. Ef sykurrinn er undir 50 gr/kg þe. eða mjólkursýruinnihald er meira en 100 gr/kg þe. þá er hægt að bæta það upp að einhverju leyti með að gefa bygg til viðbótar, en bygg inniheldur auðleysta og aðgengilega orku. Nytháar kýr þola vel að fá 2 kg/bygg á dag, en nytlægra kýr ættu ekki að fá meira en 1-1,5 kg/bygg á dag.

Í lokin er rétt að ítreka mikilvægi þess að láta efnagreina gróffóðrið, þannig er hægt að áætla kjarnfóðurmagnið sem þarf og tryggja að rétt kjarnfóður verði fyrir valinu miðað við gróffóðurgæðin.

*Elin Nolsæ Grethardsdóttir
Gæðaráðgjafi Audhumlu svf.*

Innvigtun, sala og birgðir

FRAMLEIÐSLA MJÓLKUR 2024

Svo virðist sem toppnum á innvigtuninni hafi verið náð á þessu ári í viku 21 en þá var innvigtunin 3,23 millj. lítrar. Frá upphafi árs 2024 (vika 1 til 23) hefur innvigtunin aukist um 949 þús. lítra milli ára eða 1,4%, sjá mynd 1. Ef sama tímabil er borið saman við 2022 þá er aukningin 3,5% eða um 2,4 millj. lítrar. Síðustu tvær vikur var aukningin um 180 þús lítrar m.v. sömu vikur 2023 og 263 þús lítrar m.v. sömu vikur 2022.

SALA MJÓLKUR OG ÚTFLUTNINGUR

Á síðustu 12 mánuðum, þ.e. maí 2023 – apríl 2024, var samanlögð mjólkurframleiðsla 153,2 milljónir lítra sem er um 2,9% meiri framleiðsla en 12 mánuðina þar á undan. **Þetta kemur fram í töflu 1.** Umreiknuð sala á innanlandsmarkaði nam 149,9 milljónum lítra á fitugrunni á síðustu 12 mánuðum og um 132,3 milljónum lítra á próteingrunni. Salan á fitugrunni jókst um 2,2% á tímabilinu og á próteingrunni um 3,0%. Sala á fitugrunni var 17,6 milljónum lítrum meiri en sala á próteingrunni á síðustu 12 mánuðum.


Mjólkurframleiðsla umfram sölu á próteingrunni nam um 20,9 milljónir lítra s.l. 12 mánuði og um 3,3 milljónir lítra umfram sölu á fitugrunni. Hins vegar er próteinhalli síðustu tólf mánaða, þ.e. mismunur á fitu og próteinsölu innanlands, 17,6 millj lítra. Sala á próteingrunni síðustu 12 mánuði var um 87,3% af heildargreiðslumarki ársins 2024 á sama tíma og sala á fitugrunni var um 98,9% af heildargreiðslumarkinu.

Útflutningur á mjólk miðað við prótein nam um 20,3 milljónum lítra á s.l. 12 mánuðum en á fitugrunni um 2,2 milljónum lítra. Útflutningur á „Birgðavörum“ osti, dufti og smjöri hefur gengið vel á árinu og hefur verið hægt að flytja út jafnóðum eftir þörf. Birgðastaða er góð miðað við árstíma.



Ljós. áþ

Mynd 1. Vikuleg innvigtun mjólkur 2022, 2023 og 2024 (vikur 1-23).




Tafla 1 Umreiknuð ráðstöfun mjólkur á 12 mánaða tímabili m.v. apríl 2024.

VÖRUFLOKKAR	Sala í ltr og kg			Breyting frá fyrra ári, %		
	apríl mánuður	Síðustu 3 mánuðir	Síðustu 12 mánuðir	Mán.	3 mán.	12 mán.
Umreiknað á PRÓTEIN:						
Birgðir í upphafi	23.021.205	23.492.963	24.289.781	-0,15	0,98	-11,90
Innvegin mjólk	13.917.318	39.495.257	153.166.761	8,54	3,52	2,88
Seldar afurðir	10.733.656	32.100.149	132.289.885	7,65	2,99	3,02
Útflutningur	2.219.915	6.737.315	20.278.223	12,22	2,40	-17,09
Birgðir í lok	23.868.130	23.868.130	23.868.130	-1,74	-1,74	-1,74
Mismunur	116.822	282.626	1.020.304	-132,28	-145,52	-244,94
Umreiknað á FITU:						
Birgðir í upphafi	22.309.491	22.735.055	23.425.216	1,98	10,02	4,11
Innvegin mjólk	13.917.318	39.495.257	153.166.761	8,54	3,52	2,88
Seldar afurðir	11.874.716	36.136.909	149.868.103	4,84	2,20	2,21
Útflutningur	202.029	1.551.717	2.214.555	251,57	281,08	49,75
Birgðir í lok	24.206.874	24.206.874	24.206.874	3,34	3,34	3,34
Mismunur	-56.810	334.811	302.446	-48,69	-189,55	-301,17

BIRGÐIR MJÓLKURVARA


Á mynd 2 má sjá þróun prótein-birgða 2022 - 2024, umreiknaðar yfir í lítra mjólkur. Þessar birgðir eru í góðu jafnvægi m.v. árstíma. Myndir 3 - 6 sýna birgðaþróun helstu flokka mjólkurvara 2021 - 2024.

Mynd 2 Umreiknaðar birgðir próteins. Þróun 2022 - 2024.




Á mynd 3 kemur m.a. fram að smjör-birgðir voru um 476 tonn í lok apríl s.l., jukust um 31 tonn í mánuðinum en minnkuðu um 23 tonn milli ára. Birgðaaukning er hafin á smjöri til að anna eftirspurn seinna á árinu og miðað við það eru birgðirnar í mjög góðu jafnvægi í öllum vörnum.

Mynd 3 Þróun smjörbirgða 2021 - 2024




Eins og sjá má á mynd 4 eru ostabirgðir í mjög góðu jafnvægi. Þær hafa á síðustu 12 mánuðum verið um 1.211 tonn að meðaltali. Í lok apríl voru birgðirnar 1.209 tonn og stóðu í stað í mánuðinum en jukust um 21 tonn á síðustu 12 mánuðum.

Mynd 4 Þróun ostabirgða 2021 - 2024 (26% og 17%).




Mozzarellaostur hefur m.a. verið notaður til birgðastýringar en jafnframt er þess gætt að ávallt séu til ákveðnar öryggisbirgðir af honum. Birgðirnar jukust um 30 tonn í apríl en rétt um 6 tonn milli ára.

Mynd 5 Þróun birgða á Mozzarella osti 2021 - 2024



Mynd 6 sýnir birgðaþróun á undanrennuþufti. Birgðirnar jukust um 11 tonn í apríl en minnkuðu um 125 tonn milli ára. Nokkur samdráttur hefur orðið á sölu undanrennuþuftis og því ekki þörf á að halda eins miklar birgðir og áður. Enginn útflutningur á undanrennuþufti hefur átt sér stað á árinu.

Mynd 6 Þróun birgða á Undanrennuþufti 2021 - 2024



/JKB

AB-mjólk komin í nýjar umbúðir og fæst nú með vanillu

Nýjar umbúðir fyrir ab-mjólk eru komnar í verslanir og samhlíða umbúðabreytingum bjóðum við nú upp á nýja bragðtegund og kynnum til leiks ab-mjólk með vanillu. Á meðan margir kjósa hreina ab-mjólk eru aðrir sem vilja hana bragðbætta og er því gaman að geta nú boðið upp á ab-mjólk með vanillu til viðbótar við hina vinsælu ab-mjólk með jarðarberjum. Til að vekja athygli á nýjum umbúðum og nýrri bragðtegund hófst enn fremur ný auglýsingaherferð fyrir þessa klassísku og góðu vöru sem

landsmenn þekkja svo vel. Að þessu sinni er farin ný og spennandi leið í auglýsingum þar sem svokallaðar A- og B-týpur eru í forgrunni. Ung kona reynir að finna jafnvægið í lífinu og er það tengt á skemmtilegan hátt við ab-mjólkina. Anna Birna er ung kona sem vill stundum vakna snemma og hreyfa sig eða kúra lengur og byrja daginn á rólegu nótunum. Hún er ekki A-týpa og eiginlega ekki B-týpa, hún er nefnilega AB-týpa og með ab-mjólk frá MS finnur hún sitt jafnvægi. / GBJ





Hér er dómnefndin með verðlaunamyndirnar: Guðlín Ósk Bragadóttir, Ásmundur Einar Daðason og Steinunn Þórhallsdóttir. Myndirnar eru á ms.is og skolamjolk.is

Teiknisamkeppni Mjólkursamsölunnar

Nú liggja fyrir úrslit í teiknisamkeppni 4. bekklinga en um er ræða keppni sem haldin er í tengslum við Alþjóðlega skólasmjólkurdaginn ár hvert. Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra, tók þátt í valinu á verðlaunamyndunum líkt og undanfarin ár og hafði hann sérstaklega orð á því hve gaman væri að sjá vinnuna og metnaðinn sem nemendur leggja í myndir sínar.

Yfir 1.200 myndir bárust í keppnina frá 70 skólum um land allt og var einkar ánægjulegt að sjá nýja skóla bætast á lista yfir þátttakendur. Eftir mikið og krefjandi starf dómnefndar voru að lokum tíu verðlaunamyndir valdar og skólastjórnendum í viðkomandi skólum færð gleðitíðindin.

Verðlaunahöfum eru veitt viðurkenningarskjöl fyrir teikningar sínar og til viðbótar er hver mynd verðlaunuð með 40.000 kr. peningagjöf frá Mjólkursamsölnni. Verðlaunaféð rennur óskipt í bekkjarsjóð teiknaranna og getur bekkurinn nýtt þá upphæð í að gera sér gláðan dag saman og efla liðsheild í samráði við umsjónakennara og skólastjórnendur.

„Hugmyndaflug og litagleði einkennir myndirnar og óhætt að segja að við bíðum spennu eftir þessu verkefni á hverju ári,“ segir Guðlín Ósk Bragadóttir, bókhaldsfulltrúi og einn af full-

trúum í dómnefnd keppninnar og bætir við að það komi dómnefnd alltaf jafn mikið á óvart hversu hæfileikaríkir krakkarnir eru.

Verðlaunahafar í teiknisamkeppni 4. bekklinga skólaárið 2023-2024 eru:

- Emma Marie Freysdóttir Hrafnagilsskóla
- Hjörtur Snær Sigurðsson Njarðvíkurskóla
- Íris Ruth Helgadóttir Flataskóla
- Ísabella Mist Valdimarsdóttir og Sara Björk Kristjánsdóttir Síðuskóla
- Karen Ósk Sigurðardóttir Vallaskóla
- Magnús Darri Hallgrímsson og Stefán Ellertsson Öldutúnsskóla
- Óliver Friðriksson Hamarsskóla
- Snædís Eva Hillers Árbæjarskóla
- Tómas Ingi Davíðsson Húsaskóla
- Viktor Árni Ástþórsson Hrafnagilsskóla

Dómnefndin þakkar öllum þátttakendum kærlega fyrir fallegar myndir og óskar vinningshöfum og skólunum þeirra innilega til hamingju. /GBJ



Hleðsla fæst nú loksins í eins líters fernu

Íslenski próteindrykkurinn Hleðsla hefur notið mikilla vinsælda frá því hann kom fyrst á markað en drykkurinn inniheldur hágæða prótein úr íslenskri mjólk.

Fyrir tveimur árum buðum við neytendum upp á kolvetnaskerta Hleðslu í 1l umbúðum og er óhætt að segja að viðtökurnar hafi farið langt fram úr væntingum og fyrirspurnum um hefðbundna Hleðslu í samskonar umbúðum rigndi yfir okkur.

Nú höfum við loksins svarað kalli viðskiptavina okkar og bjóðum upp á Hleðslu, þessa rauðu, í 1l fernu en stærri umbúðirnar henta sérstaklega vel heima við hvort sem þú kýst Hleðsluna eina sér, út í kaffi, boost og hafragraut, með uppáhalds morgunkorninu þínu eða hverju því sem fólki dettur í hug. / GBJ

